

á sýnum, sem tekin voru, og er því ekki unnt að álykta um dánarorsök enn.

Kærði er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu skv. XXIII. kafla alm. hegningarlaga, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu. Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 ber að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi áfram, en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 1. maí nk., kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Viðar Björnsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram, en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 1. maí nk., kl. 17:00.

Þriðjudaginn 26. mars 1985.

Nr. 143/1983. Hallgrímur Ólafsson

Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Húsanesi s/f og

gagnsök

(Ingi Ingimundarson hrl.)

Skaðabætur. Skuldamál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. ágúst 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. júlí s.á. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og að hin áfrýjanda verði lækkuð verulega og að honum verði gert að greiða héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að krafa gagnáfrýjanda veri lækkuð verulega og að honum verði gert að greiða sér með skuldajöfnuði allt að 49.560,00 krónum með 37% ársvöxtum frá 1. mars 1982 til 31. október 1982, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 20. september 1983, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 20.

október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 30. desember 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst 1984, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 27. ágúst 1984, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1984, 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1984, 26% ársvöxtum frá þeim degi til 25. október 1984, 27,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1985, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, en hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og sér verði tildæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms bæjarþings Reykjavíkur, sem kveðinn var upp af borgardómara ásamt sérfróðum meðdómendum, ber að staðfesta hann. Einnig ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð, en ekki er byggt á því af hálfu aðaláfrýjanda, að neinir þeir gallar séu á henni, sem ómerkingu eigi að valda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 17.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjandi, Hallgrímur Ólafsson, greiði gagnáfrýjanda, Húsanesi s/f, 17.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. mars 1983.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. mars s.l., hefur Húsanes s.f., Hafnargötu 71, Keflavík, nnr. 4451-5954, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. apríl 1982, og framhaldsstefnu, þingfestri 5. október 1982, gegn Hallgrími Ólafssyni, Krummahólum 4, Reykjavík, nnr. 3673-9975.

Kröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda samtals kr. 40.463,90 ásamt 37% ársvöxtum af kr. 36.893,94 frá 1. mars 1982 til 20. apríl 1982, en síðan með hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og með 37% ársvöxtum af kr. 3.569,98 frá 26. apríl 1982 til 5. október s.á., en síðan með hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi gerir þær kröfur í aðalsök og framhaldssök, að hann verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Þann 17. nóvember 1982 lagði stefndi fram gagnkröfugerð, þar sem hann gerir þær kröfur, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda með skuldajöfnuði allt að kr. 49.560,00 ásamt 37% ársvöxtum frá 1. mars 1982 til 17. nóvember s.á., en síðan með dómvöxtum til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefnandi gerir þær kröfur í gagnsök, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda skv. gjaldskrá L.M.F.Í., sem verði reiknaður af stefnufjárhæð gagnsakar.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust í aðalsök, framhaldssök og gagnsök.

II.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að Húsaness s.f., sem sé skráð sameignarfélag og reki byggingastarfsemi, hafi tekið að sér að öllu leyti, að sjá um byggingu á húsi nr. 29 við Klapparberg í Reykjavík, en stefndi, sem eigi næstu lóð við, Klapparberg 31, hafi þá fengið stefnanda til að vera meistari á húsi sínu, sem sé einbýlishús. Einn af eigendum Húsaness s.f., Hermann Ragnarsson, hafi áritað teikningar sem múrarmeistari og annar eigenda, Margeir Þorgeirsson, sem trésmíðameistari hússins. Stefndi hafi síðan annast uppplátt steypuvinnu hússins.

Reikningur stefnanda fyrir verk það, sem búið sé að inna af höndum, hafi numið kr. 76.893,94. Þar af hafi stefndi greitt kr. 40.000,00, en eftirstöðvarnar nemi kr. 36.893,94. Stefndi hafi boðist til að greiða kr. 27.000,00 af þeirri fjárhæð gegn fullnaðarkvittun, en því hafi stefnandi neitað. Stefndi hafi síðan deponerað kr. 27.000,00 í Útvegsbanka Íslands á nafn stefnanda.

Krafan í framhaldssök sé að fjárhæð kr. 3.569,98 og sé hún samkvæmt uppmælingu Trésmiðafélags Reykjavíkur frá 19. nóvember 1981 og sé fyrir þakklæðningu. Mælingin ásamt tilheyrandi handlangsprósentu geri kr. 3.569,98. Stefndi hafi framvísað reikningi þessum til greiðslu, eins og viðurkennt sé í greinargerð stefnda. Hins vegar hafi stefnanda sést yfir þetta

uppmælingarblað, þegar gögn voru afhent lögmanni við höfðun aðalsakar.

Stefnandi byggir kröfur sínar í aðalsök og framhaldssök á því, að hér sé um að ræða reikninga fagmeistara á húsi stefnda, sem innt hafi af höndum og séð um þá vinnu, sem greiðslu sé krafist fyrir. Stefnandi beri faglega ábyrgð á verkinu, sem mælt sé upp með tíðkanlegum hætti, og sé ósannað, að um annað hafi verið samið en uppmælingu. Slíkum reikningum verði ekki hnekktt, nema þeir reynist bersýnilega ósanngjarnir skv. grundvallarreglu 5. gr. laga nr. 39/1922. Greiðslusynjun stefnda sé ólögmæt og beri honum að greiða skuld þessa að fullu auk vaxta og alls kostnaðar. Deponering stefnda sé einnig ólögmæt skv. 1. gr. laga nr. 9/1978. Ekki hafi staðið á stefnanda að veita viðtöku innborgunum. Samkvæmt bréfi, sem fylgi geymslugreiðslunni, sé hafning fjáris bundin skilyrðum, sem stefnandi þurfi ekki að sinna.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Sveinamælingar trésmiða fyrir uppslátt	kr.	32.263,34
2. Handlang, 25% á þá tölu	“	8.065,84
3. Launatengd gjöld, 44,02% á kr. 40.328,34	“	17.752,91
4. Meistaralag, 9,85% á kr. 58.081,25	“	5.721,09
5. Mæling vegna steypuvinnu ásamt gjöldum	“	8.287,00
6. Reikningar fyrir tímavinnu, dskj. 9, 10, 11	“	4.803,76
	kr.	76.893,94
Innborgaðar samtals	“	40.000,00
Skuld	kr.	36.893,94

Um 1. Hér sé um að ræða vinnu við uppslátt á sökklum, plötu 1. hæð og plötu þar fyrir ofan, þar með talinn bílskúr, eins og mælingar bera með sér.

Um 2, 3 og 4. Þessir liðir séu samkvæmt taxta trésmiða. Að því er varði handlangsprósentu þá sé hún reiknuð hér í lægra lagi, svo ekki sé hallað á stefnda. Launatengd gjöld séu fastir liðir.

Um 5. Menn frá stefnanda hafi séð um steypuna. Sé hér um að ræða steypu í plötur og mót á öllu því, sem komið sé í húsið. Þess beri að geta, að stefndi hafi greitt mönnum, sem slípuðu og slödduðu steypuna, enda sé ekki gert ráð fyrir því í mælingunni. Stefnandi kveði laun reiknuð eftir magni steypu og fleti, þegar svona verk sé mælt upp. Telji hann það tvímælalaust koma betur út fyrir stefnda heldur en ef reiknuð hefði verið tímavinna á mannskapinn. Sé hér að sjálfsögðu um að ræða útselda vinnu.

Um 6. Tímavinnuskýrslurnar á dskj. nr. 9 og 10 séu fyrir vinnu þeirra Gunnars Hilmarssonar, Þórs Ingólfssonar og Kristjáns Einarssonar fyrir

vinnu við hús stefnda svo og bið eftir efni, sem sé á ábyrgð stefnda. Í dskj. nr. 11 sé liðurinn „úttekt vegna steypu“ vinna Hermanns Ragnarssonar, múrarmeistara hússins, fyrir úttekt á 5 steypum og reikni hann sér 2 klst. fyrir hverja. Hinir liðirnir á dskj. nr. 11 rif utan af bilskúr og sökklum og járnavinna, sé vinna þeirra Þórs Ingólfssonar, Gunnars Hilmarssonar og Kristjáns Einarssonar. Samkvæmt frásögn Hermanns Ragnarssonar megi bæta við þennan reikning nokkrum klst. fyrir vinnu við að mæla tvisvar sinnum út fyrir húsinu bæði fyrir gróft á grunni og eftir.

Stefndi kveður málavexti vera þá, að stefnandi hafi gert stefnda tilboð í húsið og hafi tilboðið numið kr. 135.000,00 með sömu kaupgjaldsákvæðum og tímamörkum og í húsi Ægis Jónssonar að Klapparbergi 29. Tilboð í hús Ægis hafi numið kr. 171.000,00 og hafi verið innifalið í því allt efni til uppsláttar, járnalögn, fráris og hreinsun. Hafi tilboð þetta verið miðað við kaupgjald í apríl 1981 og skyldi taka mið af kaupgjaldsbreytingum frá þeim tíma. Hafi verki þessu átt að vera lokið í október 1981. Stefndi hafi hins vegar séð sjálfur um ýmsa verkþætti á húsi sínu, svo sem fráslátt og járnalögn. Tilboðið í hús stefnda hafi verið gert simleidis.

Þann 30. júní hafi stefnandi komið með vélritað blað til stefnda með áritaðri tilboðsupphæð að fjárhæð kr. 161.973,00. Hafi skýring stefnanda á misræminu milli upphaflegs tilboðs og þessarar fjárhæðar verið sú, að steypuvinna hefði ekki verið með í upphaflega tilboðin og næmi hún kr. 20.000,00. Aðrir liðir væru hækkanir vegna misreiknings og breytinga. Þessu hafi stefndi ekki viljað una og taldi ekkert samræmi við tilboð á Klapparbergi 29 né fyrra tilboð stefnanda.

Þann 3. júlí hafi stefndi greitt kr. 25.000,00 upp í verkið, og þann 1. október hafi stefnandi óskað eftir kr. 50.000,00 greiðslu. Stefndi hafi hafnað því, en greitt kr. 15.000,00 á grundvelli hliðstæðra talna frá nágranna-húsinu. Í febrúar 1982 hafi stefnandi komið með reikning að fjárhæð kr. 83.614,00. Í þeim reikningi hafi falist trésmiðavinna skv. uppmælingu og tilheyrandi gjöldum auk handlungsálags. Aukalega hafi verið 26 tímar fyrir smíð og steypuvinna fyrir kr. 17.835,00, sem sögð hafi verið eftir uppmælingu. Stefndi hafi strax gert athugasemdir við reikninginn og talið hann a.m.k. kr. 20.000,00 of háan. Þrátt fyrir það hafi stefndi boðið greiðslu á kr. 27.000,00. Þann 22. mars hafi stefnandi framvísað reikningnum á ný endurskoðuðum og hafi hann þá numið kr. 76.893,94. Stefndi hafi þá þegar mótmælt reikningnum sem röngum og jafnframt óskað eftir því, að stefnandi segði sig af húsinu og skipti sér ekki frekar af bygginu þess.

Þar sem sættir hafi ekki tekist, hafi stefndi deponerað kr. 27.000,00.

Þann 27. apríl hafi stefnandi enn komið með reikning að fjárhæð kr. 3.569,98 fyrir uppmælingu á bilskúrþaki, sem hann sagðist hafa gleymt. Stefnda hafi verið ókunnugt um þetta.

Kröfur sínar í aðalsök og framhaldssök styður stefndi þeim rökum, að í upphafi samskipta aðilja þessa máls hafi verið samkomulag með þeim um það, hvaða verk ætti að vinna og hvað það skyldi kosta. Síðar hafi komið upp ágreiningur um heildarfjárhæð verksins og hafi ekki náðst að leysa hann, þegar samningi aðilja var rift. Því sé haldið fram af hálfu stefnda, að sú fjárhæð, sem stefnandi hafi þegar móttengið auk greiðslu sem fram sé boðin sem heildargreiðsla skv. dskj. nr. 14, geri mun meira en að greiða fyrir þá verkþætti, sem hann hafi lokið við. Í öðru lagi sé því haldið fram, að vinna sú, sem stefndi hafi séð um, skyldi koma til lækkunar á reikningi.

Því sé haldið fram, að sönnunarbyrðin hvíli á stefnanda um það, hvaða vinnu hann innti af hendi. Ein af sýknuástæðum stefnda sé sú, að stefnandi hafi ekki innt af hendi ýmsa þá vinnu, sem hann hafi nú reikningsfært og krefji um greiðslu fyrir.

Á allar trésmiðamælingar reikningsins sé reiknað handling, 25%, sem sé of hátt miðað við stærð húss og gerð. Til viðbótar því sé enginn frádráttur reiknaður vegna handlungs stefnda og Jóhannesar Bjarnasonar, sem hafi verið á snærum stefnda, en þeir hafi annast verulegan hluta handlungs. Smiðir stefnanda eigi ekki rétt á 52 tíma handlingi, vegna þess að þeir hafi ekki látið í té þann tímafjölda.

Í reikningi Meistarafélags Suðurnesja sé gert ráð fyrir, að steypuvinnan hafi öll verið unnin af meistara og mönnum hans á verðlagi í mars 1982, sem sé að sjálfsögðu ekki rétt, eins og að framan sé rakið.

Í þessu sambandi skuli á það minnst, að sökklar hafi verið algjörlega steypdir af starfsmönnum stefnanda, en plata hafi verið steypd af Erni Karlsyni og tveimur unglingum á vegum stefnda. Við vegg hússins hafi stefndi unnið sjálfur og hafi hann haft mann sér til aðstoðar. Frá stefnanda hafi verði 4 menn auk múrarmeistara, sem þó hafi ekki verið við allan tímann. Flestir hafi menn þessir verið óvanir og sé árangurinn eftir því. Strax og steypunni hafði verið hellt í, hafi starfsmenn stefnanda horfið á braut og hafi þá átt eftir að þrífa og hreinsa upp og hafi stefndi fengið sér til hjálpar Ágúst Þórðarson og Vilhjálm Bjarnason. Um 2 m³ af steypu hafi hellst inn fyrir notin.

Stefndi hafi einnið unnið við steypu á skúr og loftplötu.

Stefndi hafi tekið saman fjölda manna, sem Húsanés s.f. hafði til vinnunnar og lengd tíma, sem hver steypa tók. Reiknað sé með 1 tíma á mann aukalega í hvert skipti. Tímareikningur þessi sundurliðist þannig:

23.06. sökklar	4 tímar	3 menn	12
21.08. plata	4 tímar	2 menn	8
18.09. veggir	5 tímar	4 menn	20

18.09. veggir	2 tímar	1 maður	2
22.10. skúr	3 tímar	3 menn	9
20.11. plata	3 tímar	3 menn	9

60

Alls séu þetta því 60 tímar í stað 158,5, eins og uppmæling geri ráð fyrir.

Aðalsýknuástæður stefnda séu þær, að hann hafi ýmist borgað eða deponerað greiðslum fyrir jafnvel hærri fjárhæð en verk það, sem stefnandi hafi lokið samkvæmt samningi, kosti í júní 1982. Teljist ekki sannað, að um samningsverk hafi verið að ræða, sé því haldið fram, að stefnandi hafi ekki unnið ýmsa þá verkþætti, sem hann krefur um greiðslu fyrir. Því sé haldið fram í báðum tilvikum, að vinnan af hálfu stefnda og/eða manna á hans vegum eigi að koma til frádráttar. Þá sé því haldið fram, að einstaka þættir séu bersýnilega ósanngjarnir, svo sem krafa fyrir greiðslu á 158,5 tímum í stað 60 tíma, sem í raun hafi verið unnir.

Gagnkröfu sína kveður stefndi þannig tilkomna, að við framkvæmd verks stefnanda í þágu stefnda hafi hann sett járngrind í neðri plötu rangt niður, þannig að hún nýtist ekki sem slík. Kostnaður vegna járngrindar þessarar hafi numið kr. 9.560,00 á verðlagi í ágúst 1981. Í öðru lagi hafi uppsláttur skekkst í vegg í stofu og sé áætlað tjón stefnda vegna þessa kr. 10.000,00. Í þriðja lagi sé gluggi í bílskúr á röngum stað, og sé áætlað tjón stefnda vegna útlitsgalla þessa kr. 15.000,00. Í fjórða lagi hafi framkvæmdir stefnanda tafist í tvo mánuði, en sú tveggja mánaða töf hafi valdið stefnda 6 mánuðum í framkvæmdatöf, sem leiði til þess, að hann verði að vera í leiguhúsnæði a.m.k. einn tíma (sic í gagnkröfugerð) lengur en ella. Kostnaður vegna þess sé áætlaður kr. 2.500,00 á mánuði í 6 mánuði, eða samtals kr. 15.000,00.

Krafa þessi stafi frá vanefndum stefnanda á verksamningi við stefnda og sé því samrætt kröfu hans. Ekki fari á milli mála, að stefnandi beri fjárhagslega ábyrgð á vanefndum þessum, enda hafi honum borið að sjá svo um, að húsbyggingin væri í einu og öllu framkvæmd á þann hátt, sem ráð hafi verið fyrir gert í byggingarteikningum. Fyrstu þrír liðir gagnkröfugerðarinnar séu á því byggðir, að hann hafi látið þá skyldu undir höfuð leggjast. Síðasti töluliðurinn varði verktafir, sem hann á sama hátt beri fulla ábyrgð á. Stefndi hafi áætlað fjárhæð tjóns vegna framangreindra þátta í sparnaðarskyni og sé fjárhæðum í hóf stillt.

Sýknukröfu sína í gagnsök styður stefnandi eftirfarandi rökum:

1. Krafa að fjárhæð kr. 9.560,00 vegna járngrindar á gólfplötu. Járnavinna í gólfplötu hafi verið unnin af stefnda sjálfum. Svo hafi verið umsamíð, að hann annaðist járnalögn sjálfur nema í sökkulveggi. Reikningar sýni þetta, svo ekki verði um villst. Viðurkennt sé í grg. aðalsakar, dskj. nr.

15. bls. 1, að stefndi hafi sjálfur séð um járnalögn. Í því felist forsvaranlegur frágangur á henni undir steypu gólfsins, sem skv. frásögn stefnda hafi verið unnin af Erni Karlssyni á vegum stefnda.

Ex tuto sé því haldið fram, að ósannað sé, að nokkur galli sé á gólflötu, sbr. dskj. nr. 15, bls. 5.

2. Krafa að fjárhæð kr. 10.000,00 vegna þess, að uppsláttur skekktist á austurvegg stofu.

Stefnandi kannist við, að örlitil bunga sé á austurvegg hússins, en svo óveruleg, að ekki sjáist nema réttisheið sé borin á vegginn. Eindregið mótmælt, að þetta séu nein lýti, og bótakrafa út af þessu sé út í hött.

3. Krafa að fjárhæð kr. 15.000,00 vegna bílskúrsglugga, sem sé of ofarlega.

Um þennan lið sé það að segja, að gluggann hafi stefndi skaffað sjálfur sem og aðra glugga hússins. Efri brún á glugga geti ekki verið á öðrum stað en hún sé, þ.e. uppi undir bílskúrssperrum, eins og teikning sýni. Sé glugginn þannig staðsettur of ofarlega sé annað tveggja: Hann sé of litill eða mál röng. Til vara sé því mótmælt, að um útlitsgalla eða lýti sé að ræða vegna gluggans. Kröfu um bætur sé því vísað á bug.

4. Krafa að fjárhæð kr. 15.000,00 vegna tafa á framkvæmdum.

Í fyrsta lagi sé því eindregið mótmælt, að nein loforð hafi verið gefin eða neinir samningar gerðir um að skila ákveðnum verkþáttum fyrir ákveðinn tíma. Þá sé því haldið fram, að ósannað sé, að nein óeðlileg töf hafi orðið á verkinu. Þvert á móti hafi verið gengið vel miðað við aðstæður. Í því sambandi sé bent á, að stefndi hafi sjálfur séð um ýmsa verkþætti og hafi hann ávallt tekið sér nægan tíma í þá. Rökstuðningi stefnda um 6 mánaða framkvæmdatöf sé alfarið vísað á bug sem ósannaðri fjarstæðu. Sú töf hljóti að vera á hans ábyrgð og stefnanda óviðkomandi.

Til vara sé öllum tölum, sem stefndi viðurkenni að séu áætlaðar af sér, mótmælt sem of háum, röngum og ósönnuðum.

III.

Ágreiningslaust er, að umrætt verk var upphaflega unnið samkvæmt tilboði, en síðan var horfið frá því vegna ágreinings um tilboðsverð. Stefnandi hefur lagt fram sundurliðaðan reikning til stuðnings kröfum sínum í aðalsök, samtals að fjárhæð kr. 76.893,94, að fráðregnum kr. 40.000,00, sem stefndi hefur greitt inn á kröfuna. Auk þess hefur stefnandi lagt fram reikning að fjárhæð kr. 3.569,98 vegna kröfu sinnar í framhaldssök.

Stefndi hefur mótmælt lið nr. 2 á reikningi í aðalsök, kr. 8.065,84, 25% handling, lið nr. 5, kr. 8.287,00, mæling vegna steypuvinnu ásamt gjöldum, og lið nr. 6, tímavinna skv. vinnulistum á dskj. nr. 9-11, kr. 4.803,76.

Að öðru leyti virðist ekki vera ágreiningur um fjárhæðir framangreindra reikninga.

Um lið nr. 5. Upplýst er, að ágreiningur var um umsamið tilboðsverð vegna steypuvinnu, og kom sá ágreiningur fyrst í ljós, þegar liðið var á vinnuna. Stefnandi hefur borið fyrir dómi, að þar sem hann hefði talið sig vera að vinna samkvæmt tilboði, þá hefði tímafjöldi, sem fór í steypuna, ekki verið haldið saman. Því hefði hann látið mæla upp steypuna. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að uppmælingin sé röng, eða á annan hátt sannað, hver raunverulegur tímafjöldi við steypuvinnuna var. Verður því að taka þennan lið til greina að fullu.

Um lið nr. 2. Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að 25% handlang sé ekki óeðlilegt í þessu tilviki. Fyrsta lið reikningsins er ekki andmælt tölulega, en handlangið reiknast af þeirri fjárhæð, og verður þessi liður því tekinn til greina að fullu.

Um lið nr. 6. Lagðir hafa verið fram þrír vinnulistar á dskj. nr. 9-11, sem þessi liður er byggður á. Dómskjöl nr. 9 og 10 er samhljóða og sundurliðast þannig:

2/11	tína til efni o.fl.	1 ½
3/11	“ “ “ “	1 ½
4/11	brjóta o.fl.	4 ½
5/11	“ “	1 ½
6/11	biða eftir efni o. fl.	4
Samtals		13

Dómskjal nr. 11, sem er ódagsett, sundurliðast þannig:

Úttekt vegna steypu (meistari)	10
Rífa utan af bílskúr	6
Járnabinding á sökkl	6
Rífa uppistöður af sökkli	4
Samtals	26

Stefndi hefur andmælt tilgreindum tímafjöldi á þessum reikningum.

Telja verður upplýst, að öll sú vinna, sem tilgreind er samkvæmt vinnulistum þessum, var unnin. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að tímafjöldi sé þar ranglega tilgreindur. Síðasti liðurinn á dskj. nr. 9 og 10 eru samtals 8 klst., sem fóru í að biða eftir efni. Stefndi hefur andmælt þessum liðum. Telja verður, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að smiðir hafi þurft að

bíða aðgerðarlausir eftir efni vegna atvika, sem stefnda varða, og verða þeir liðir því ekki teknir til greina. Sjötti liður á dskj. nr. 3 verður því tekinn til greina með 44 klst. á kr. 92,38/klst. eða kr. 4.064,72.

Samkvæmt framansögðu verða stefnukröfur í aðalsök og framhaldssök teknar til greina með fjárhæð kr. 39.724,86, ásamt vöxtum eins og krafist er, enda hefur vaxtakröfu ekki verið andmælt sérstaklega, og reiknast vextir þannig: 37% ársvextir af kr. 36.154,88 frá 1. mars 1982 til 20. apríl s.á., en 39% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en 47% ársvextir frá þeim degi til uppkvaðningardags dóms þessa, en síðan hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða, frá þeim degi til greiðsludags og 37% ársvextir af kr. 3.569,98 frá 26. apríl 1982 til 5. október s.á., en 39% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en 47% ársvextir frá þeim degi til uppkvaðningardags dóms þessa, en síðan hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, til greiðsludags.

Fjárhæð sú, sem stefndi deponeraði til greiðslu, reiknast ekki sem greiðsla, þar sem hún er bundin skilyrðum, sem stefnandi ekki þarf að sætta sig við.

Verður nú vikið að gagnkröfum stefnda.

Um lið nr. 1, krafa vegna járngrindar á gólfplötu. Ósannað er, að platan (sic) hafi verið ranglega lögð í gólfplötu. Þá er ennfremur ósannað, að nokkurt tjón hafi orðið á gólfplötu, sem rekja megi til þess, að járngrind hafi ekki verið lyft. Þessi liður verður því ekki tekinn til greina.

Um lið nr. 2, vegna þess að uppsláttur skekkist á stofuvegg. Dómurinn fór á vettvang til þess að kynna sér aðstæður. Umrædd skekkja reyndist óveruleg, og verður bótakrafa stefnda vegna þessa því ekki tekin til greina, enda ekki sýnt fram á, að stefndi hafi orðið fyrir neinu tjóni vegna þess.

Um lið nr. 3, krafa um bætur, vegna þess að bílskúrgluggi sé of ofarlega. Við vettvangskönnun kom í ljós, að samanborið við glugga á íbúðarhúsinu var frágangur á gluggakörmum á bílskúrglugga aðeins frábrugðinn. Ósannað er, að stefnanda hafi verið falið að framkvæma þetta verk á annan hátt en gert var, og verður þessi liður ekki tekinn til greina.

Um lið nr. 4, bætur vegna tafa á framkvæmdum. Ósannað er, að tafir hafi orðið á framkvæmdum vegna atvika, sem stefnanda varða og sem hann ber ábyrgð á, og verður þessi liður því ekki tekinn til greina.

Kröfur stefnda í gagnsök til skuldajöfnuðar eru því skv. framansögðu ekki teknar til greina.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 11.700,00.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Ragnari Ingimarssyni prófessor og Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hallgrímur Ólafsson, greiði stefnanda, Húsanesi s.f., kr. 39.724,86 ásamt 37% ársvöxtum af kr. 36.154,88 frá 1. mars 1982 til 20. apríl s.á., en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. mars 1983, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, til greiðsludags og með 37% ársvöxtum af kr. 3.569,98 frá 26. apríl 1982 til 5. október s.á., en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. mars 1983, en frá þeim degi með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, til greiðsludags. Þá greiði stefndi stefnanda kr. 11.700,00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Ár 1983, mánudaginn 27. júní er fógataréttur Reykjavíkur settur að Krummahólum 4 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið málið A-1787/1983: Húsanes s.f. gegn Hallgrími Ólafssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Rvíkur nr. 5788/1982 svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hrl. v/Inga Ingimundars. hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 39.724,86 með 37% ársv. af kr. 36.154,88 frá 1.3. 1982 til 20.4. 1982, 39% frá þ.d. til 1.11. 1982, 47% frá þ.d. til 21.3. 1983 og síðan með hæstu innlánsvöxtum til greiðsludags og með 37% af kr. 3.569,98 frá 26.4. 1982 til 5.10. 1982, 39% frá þ.d. til 1.11. 1982, 47% frá þ.d. til greiðsludags og síðan með hæstu innlánsvöxtum til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnað, kr. 483,00 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 11.700,00, í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 550,00 fyrir gerðarbeiðni, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtu-aðgerðir allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér en er ekki viðstaddur en fyrir hann mætir Brynja Sigurmundsdóttir, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta gerir fógeti fjárnám í eign gerðarþola, húseigninni nr. 31 við Klapparberg.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættu að skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.